

Reykjavík, 6. mars 2019

Umsögn um frumvarp til laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Við undirritaðar störfum við Menntavísindasvið HÍ og kennum þar verðandi leikskólakennurum ásamt því að vinna að rannsóknum á sviði menntunar yngri barna, í leik- og grunnskólum. Við teljum mikilvægt að í fyrirbyggjandi frumvarpi að lögum um menntun, hæfni og ráðningu kennara, verði lögð áhersla á nauðsynlega sérþekkingu kennara á hverju skólastigi fyrir sig. Leikskólastigið er að okkar mati afar berskjaldað gagnvart of almennum kröfum um hæfni og faglega sérhæfingu leikskólakennara, í þeim drögum sem fyrir liggja.

Til að undirstrika þetta teljum við mikilvægt að kveðið sé á um tiltekna þekkingu hvað varðar stefnu og hugmyndafræði leikskólastarfs. Því er sett fram tillaga um orðalagsbreytingu á 5. grein um *sérhæfða hæfni kennara*:

Kennari með sérhæfingu á leikskólastigi býr auk almennrar hæfni yfir faglegri þekkingu á sviði menntunarfræði leikskóla, að lágmarki 60 eininga, í samræmi við áherslur í aðalnámskrá leikskóla á stigi 1.1 skv. viðmiðum um æðri menntun og prófgráður.

Röksemdafærsla:

Mikilvægt er að þeir sem starfa í leikskólum búi yfir þeirri fagmennsku og þekkingu sem áherslur í aðalnámskrá leikskóla beinast að og byggt er á í leikskólum landsins, og í námi leikskólakennara. Eðlilegt þykir að á grunn- og framhaldsskólastigi sé krafa um lágmarksþekkingu í fögum/námsgreinum sem kennd eru á þeim skólastigum, einnig er viðurkennt að sú fagþekking þurfi að veða meiri því lengra sem börn og ungmenni eru komin í skólakerfinu. Hvað varðar leikskólakennaranámið, þá hefur eins og að framan er nefnt, verið talið mikilvægt að beina sjónum að þeirri faglegu þekkingu og gildum sem liggja að baki starfi með ungum börnum og fagmennsku leikskólakennara.

Í Aðalnámskrá leikskóla (2011; bls. 41) segir: „Börn læra í leik og daglegu starfi í leikskólanum, innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Náms svið leikskólans eiga að vera samþætt og samofin öllu starfi leikskóla og taka mið af sex grunnþáttum menntunar.“

Samkvæmt þessu er leikur megin námsleið barna í leikskólum og því er þáttur samþættingar sterkur, þar sem uppeldi, umönnun og menntun mynda eina heild. Þar getur verið um að ræða samþættingu námsviða og annarra þátta sem undirstrikaðir eru í aðalnámskrá leikskóla, s.s. umhyggju, vellíðan, fjölbreytta

barnahópa, jafnrétti, lýðræði, borgaravitund og aðra almenna þætti sem tengjast félagslegu réttlæti. Þetta þýðir að ekki fer vel á því að leggja áherslu á lágmarkskröfur um þekkingu og hæfni á einu námssviði umfram annað. Með því er hætt við að námsgreinakennsla verði dregin inn í daglegt starf leikskóla á kostnað leiks, samskipta og félagslegra þátta í námi.

Niðurstaða:

Við undirritaðar teljum samfellu skólastiga mikilvæga, bæði hvað varðar nám barna og ungmenna og þann skólabrag og starfshætti sem einkenna hvert skólastig. Til þess að lög um eitt leyfisbréf geti leitt af sér gagnlega þróun á kennsluháttum, samfellu milli skólastiga, og mögulega bætt núverandi og fyrirsjáanlegan kennaraskort, er að okkar mati nauðsynlegt að gera skýrari hæfniviðmið á hverju skólastigi, miðað við ólíkan þroska, aldur og aðstæður barna og ungmenna.

Eingöngu 1/3 hluti þeirra sem starfa í leikskólum landsins eru leikskólakennarar, þrátt fyrir að lög geri ráð fyrir að þeir séu 2/3 hlutar starfsfólksins. Ljóst er að lagasetning sú sem hér um ræðir gæti valdið enn frekari fækkun leikskólakennara og því er frekari aðgerða þörf til að fjölga leikskólakennurum. Jafnframt undirstrikar það mikilvægi þess að þeir sem ráðnir yrðu til leikskólakennslu, og væru með leyfisbréf sem byggði á sérhæfingu til kennslu á grunn- eða framhaldsskólastigi, byggju yfir þeirri hæfni sem nauðsynleg er á leikskólastigi, eins og rökstutt er hér að framan.

Við undirritaðar lýsum ánægju með það sem fram kemur í 8.gr. frumvarpsdraganna um að unnt sé að öðlast kennsluréttindi með því að ljúka 120 námseiningum skipulagðs náms og þar með gráðunni MT (Master of Teaching). Á undanförunum árum hefur hlutfall nemenda sem starfa í leikskólum samhliða námi aukist og að sama skapi hefur námstími þeirra lengst. Við teljum að framangreind breyting geti haft í för með sér að meðalnámstími stúdenta í meistaranámi styttest og þeir komi fyrr til starfa í leikskólum með full réttindi sem leikskólakennarar.

Verði lög um eitt leyfisbréf samþykkt teljum við að gera þurfi ráðstafanir sem tryggja að kennarar með leyfisbréf sem byggir á sérhæfingu á grunn- eða framhaldsskólastigi búi jafnframt yfir nauðsynlegri sérhæfingu á leikskólastigi.

Virðingarfyllst,

Arna H. Jónsdóttir, dósent

Bryndís Garðarsdóttir, deildarstjóri

Hrönn Pálmadóttir, dósent

Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, aðjunkt

Jóhanna Einarsdóttir, prófessor

Kristín Karlsdóttir, dósent

Sara Margrét Ólafsdóttir, verkefnisstjóri

Svava Björg Mörk, doktorsnemi

Þórdís Þórðardóttir, dósent